

# Fréttabréf ÍRA



1. ÁRGANGUR.


6. TÖLUBLAÐ.  
ÁGÚST 1979.

## RTTY Á SKJÁNUM.

Hin síðustu misseri hefur kviknað nokkur áhugi meðal íslenskra amatöra á RTTY ( frb. rittí ). Það ber að þakka nokkrum áhugasömum frumkvöðlum á því sviði ásamt greiðum aðgangi okkar að gömlum Teletype vélum sem Í R A áskotnaðist fyrir nokkru. Ég fékk eina slíka vél til eigu, og að lokinni smíði afmótara ( Demodulators ) for ég í loftið. Áægja mín var mikil þegar fyrstu DX-samböndin náðust. Því var hins vegar öðru vísi farið um aðra í fjölskyldunni. Hávaðinn í vélinni var mikill og einnig tók hún stóran hluta herbergis míns sem þó var ekki of rúmt fyrir. Ég neyddist því til að róa á önnur mið.

Um fátt var að ræða annað en skjá-RTTY ( video RTTY ). Eftir nokkra umhugsun og leit að hagkvæmri lausn fann ég tæki sem mér þótti vert að prófa. Í þessum pistli ætla ég að lýsa því tæki. Erfitt er að skrifa slíka lýsingu á góðu íslensku máli en ég mun reyna að nota íslensk orð að mætti. Einnig gæti Ég átt til að þýða sum orð sem ég hef ekki séð áður þýdd. Hins vegar mun ég gefa ensku orðin í svigum. Þeim sem hafa ekki kynnst RTTY áður gæti leiðst lesningin úr hófi. Hafi þeir hins vegar áhuga gætu þeir kynnt sér viðfangsefnið í ARRL hand-bókinni eða öðrum slíkum.

Tækið sem um ræðir heitir SCT-100 "Single card video terminal". Hlutverk þess er að taka við RTTY merkjunum frá afmótara og breyta þeim í merki sem hægt er að setja beint inn á skjá. Einnig tekur það við 7 bita ASCII kóða ( code ) frá lykilborði og breytir honum í 5 bita Baudot kóða sem síðan má senda út í loftið gegnum venjulegan SSB-sendi, með einföldum aðferðum ( t.d. AFSK lykling ). Mynd 1 er einföld kassamynd af þessu. Því má segja að lykilborð, skjár og SCT-100 tækið komi í stað hinnar venjulegu gömlu RTTY-vélar. Þeir sem hafa áður notað slíkar vélar lenda ekki í vanda með aðlögun tækisins að afmótara sínum eða sendi. Á prentplötunni er rás sem gerir straumlykkjunotkun (current loop) kleifa. Straumurinn má vera allt að 70 mA og spennan í lykkjunni opinni allt að 180 V. Flestar RTTY-vélar nota straumlykkjur innan þessara marka.



Mynd 1.

Sct-100 platan er tengd við straumlykkjuna gegnum ljóstengi ( optical coupler ). Gefur það jarðar einangrun frá straumlykkjunni.

Skjá merkið ( video signal ) má setja inn á skjáinn á tvo vegu. Annars vegar er hægt að setja það beint inn á “ video magnarann “ Í sjónvarpinu eða að láta það móta lítinn hátíðnisveifluvaka og setja merkið þaðan inn á loftnetsinnngátt sjónvarpsins. Fyrirnefnda aðferðin telst betri því engin bjögun eða klipping á sér stað á merkinu sem getur hins vegar gerst í RF-IF mögnurum og síum sjónvarpsins sé seinni kosturinn valinn. Ég greip þó til þess ráðs að prófa sveifluvakaaðferðina og hefur hún reynt ágætlega. Þó eru nokkrar rendur á skjánum sem hyrfu að líkindum væri hin aðferðin notuð.

SCT-100 borðið gefur færi á að senda og taka við bæði Baudot og ASCII kóða. Það verður að teljast verulegur kostur að hafa ASCII kóðann því víða hefur notkun hans verið leyfð þ.á.m. hér á landi. Gefur þetta tölvusinnuðum amatörum mikla möguleika. Ég hef reynt að ná sambandi á ASCII en ekki tekist enn.

Baudot aðferðin hefur 2 hraðastillingar. Hægt er að nota 45.45 Baud og 74.2 Baud. Fyrirnefndi hraðinn er mest notaður meðal amatöra en hinn í ýmsum öðrum viðskiptum. Hægt er að breyta þessum hröðum með smávægilegum breytingum á SCT-100 tækinu. Þetta gæti komið sér vel, því uppi eru hreyfingar um að taka upp hraðann 60 Baud meðal amatöra. Í næsta blaði verður ASCII lýst nánar áaamt fleiru.

TF-útileikarnir sem haldnir verða um verzlunarhelgina hafa vakið áhuga margra. Ef vel tekst til verður ekkert því til fyrirstöðu að þeir verði haldnir með sama eða svipuðu sniði árlega framvegis, en til þess að svo geti orðið þarf þátttaka amatöra og hlustara að verða vel viðunandi.

Nú hafa sumir nýliðar spurt hvort þeim verði heimil þátttaka með hreyfanlegar stöðvar (t.d. f. „ER“-sendingar), en reglugerðin gerir ekki ráð fyrir slíku. Stjórnin mun hafa sent P&s beiðni um undanþágu að þessu sinni og er því nýliðum bent á að hafa samband við stjórnina eða radíóeftirlitið um þetta.

Rétt er einnig að benda á að „multi-operation“ er heimil í útileikunum á sömu stöðina. Þar sem viðurkenning verður veitt m.a. öllum ER-stöðvum, hafa menn nefnt að gaman væri að vera með frá og með þessum fyrstu útileikum og eiga þannig kost á að eignast viðurkenningar fyrir alla útileikana sem kunna að verða haldnir síðar. Raunar þarf ekki annað en að hafa eitt ER-samband/hlustun til þess að fá viðurkenningu og hver telur slíkt eftir sér ???

QTC-QTC-QTC: Verðum QRV í TF-útileikunum á eftirtöldum tímum - og tíðnum:

Klukkutíma eftir upphaf hvers þátttökutímabils á 3640kHz.

Stundarfjórðungi síðar á 3525kHz.

Strax á eftir á öðrum böndum eftir samkomulagi og skilyrðum. Athugið að hér er allra hagur að ná inn punktum og margföldurum.....

-TF3?? og TF3??

DX-fréttir: Í þetta sinn sér undirritaður um DX-dálkinn, þar sem TF3YH er í sólblettakönnun á hinum gullnu ströndum Ítalíu. TF3HN (já, NB að Haukur hefur misst síðasta N-ið) hefur lagt mér til nokkra DXa úr dagbók sinni fyrir síðasta mánuð:


15m,CW: PY2GRT(22:21), 7X4AN(17:45), ZS6ANL(17:15),  
UM8MAQ(14:25),

DL1GK/HB0(20:22) -á 5W inn. 15m,CW: EA8TY(22:35),  
UL7PBY(14:40), PS7TA(19:44), UK90AA/UI8(06:50),  
ZD8KM(19:45),AA6AC/KP4(19:30) -á 50W inn.

-73s de TF3KX.

.....og svo var það þetta með árgjaldið.....

Seljum í stykkjatölu alls konar rafeindaefni, eins og:



Viðnám, þétta, díóður, transistora,, dvergrásir, spenna og margt fleira.  
Ennfremur vorur frá JOSTY KIT, eins og:  
Dimmer AT 357,  
2 Amper snertistilli,  
Ljósashow AT 468, 4x2 Amper,  
Spennubreyti NT 300, 2 Amper, 3-30 Volt,  
SYSTEM MIX -ný tegund af hljóðmixer frá JOSTY KIT.

Og síðast, en ekki sízt: Sjálfvirkur morslykill í einni dvergrás, CURTIS 8047 (sjá m.a. félagsblað ÍRA, CQ-TF, síðasta hefti).

-Íslenzkur verð- og vörulisti.

-Sendum í póströfu.

 **SAMEIND HF.**

GRETTISGATA 46 PÓSTHÓLF 7150 127  
REYKJAVÍK SÍMI 91-21386 NAFNNR.7472-8014



**TÍZKUEAFLUN**  
Laugavegi 37 og 89  
sími 12841 Reykjavík



**VÍSIR**  
Fyrstur með fréttirnar

**FJÖLRITUNARSTOFA DANÍELS HALLDÓRSSONAR**

-hefur fjölritað fréttabréfið á vildarkjörum og á margfaldar þakkar skildar fyrir ásamt auglýsendum, sem sýnt hafa okkur velvilja í verki.

**FRÉTTABRÉF Í.R.A.**

Útg.: Íslenzkir radióamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & ábm. :Kristinn Andersen (TF3KX), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 121 Rvk,

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu.

